

Fundur 28.10.2024 Hallgrímur Magnússon læknir.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Gott finnst mér að ræða við ykkur aftur, og mikil orka er hjá ykkur, miðað við síðast, og finn ég það að fleiri eru í salnum hjá ykkur.

Og er ég hér allur að eflast í framlífi, og er það enn sem fyrr, mín helsta von að ég geti orðið að liði, og hjálpað sem flestum með störfum mínum, og finnst mér íslenska þjóðin vel þurfi á hjálp að halda, eins og aðrar þjóðir gömlu jarðarinnar.

Og var það eitt það fyrsta sem ég tók eftir, er ég kom hingað á þessa jörð, að meiri var kærleikurinn og samstaðan, og fannst mér margt í þessum málum, hvort sem það var spíritismi eða trúmál, ekki hægt að sanna, en lærði ég það enn betur eftir að hingað kom, að þessi mál eru samtvinnuð.

Og hafði ykkar forvígismaður rétt fyrir sér í í öllum atriðum, og vildi ég hér í kvöld, fræðilega fara út í nokkur mál sem ég hef lært á nýjum hnetti.

Og deila með ykkur ef ég get sagt frá því á alþýðlegu máli. Þeir eru margir sjúkdómarnir sem ég hef rannsakað hér, eins og í jarðlífinu og lært um. En eitt af því sem tilheyrir þó ekki hefðbundinni læknisfræði, heldur hégóma manna, er útlitið, og eru það lýtalæknarnir sem sjá um það, en það tengist því sem ég ætla að byrja að fjalla um í kvöld, en það eru erfðatengdir sjúkdómar.

Og hvernig þeir snerta allt fólk, og hvernig framtíðar lækningar, jafnt hjá ykkur eins og okkur, tengjast þeim, og eru hinn stóri leyndardómur undir heilbrigði og hreysti, ásamt hreyfingu og góðu mataræði og lífgeisla lækningum.

Hef ég eignast börn hér í framlífi og hafa þau notið góðs af þeim aðferðum sem ég minntist á og bæði er það til að taka að ég get mælt það á þeirra líkamsstarfsemi, að eru þau síður næm fyrir ýmsum erfðatengdum sjúkdómum sem fylgja hverjum og einum, en mismikið eftir ættum.

Og einnig bættu útliti, eru það stjórn mála samtök sem vilja sum á þessum hnetti, hindra eða hægja á framförum í þessum efnunum. Og eru ýmsar ástæður nefndar í því samhengi, og er því mismunandi hvernig þróunin hefur verið í þessum læknisfræðilegu efnunum, eftir löndum og fylkjum hér hjá okkur.

En ég er hér vel í sveit settur og hef fengið styrki og góðar starfsaðstæður til að vinna að þessum rannsóknum og taka við tækninýjungum frá öðrum löndum og hjálpa því fólk sem ég hef til meðferðar.

Og frá þessu sviði hef ég svo farið yfir í tengd svið, eins og að minnka ónæmi fólks gegn fæðuópoli eða öðrum sjúkdómum og jafnvel lækningum á alvarlegum sjúkdómum eins og krabbameinum og hjartasjúkdómum eða visnunar sjúkdómum ýmsum sem geta fylgt erfðamenginu og komið fram síðar eða legið í dvala.

Ekki get ég þó sagt að árangur minn sé mikill, miðað við margra annarra, þar sem ég er rétt svo að ná grunnfærninni í svo mörgum fögum. En hef ég þó getað hjálpað mörgum á þeim árum sem ég hef hér verið.

Og vil ég við ykkur segja að framfarir læknanna á ykkar hnetti eru væntanlega að taka miklum framförum í að fást við erfðatengda sjúkdóma eins og krabbameinin og taugasjúkdóma og hrörnunarsjúkdóma ýmsa, sem bæði snúa að andlegu og taugalegu þreki og samspili líkama og veiru sjúkdóma.

Get því miður ekki farið nánar út í þetta, en orkan er að minnka. Þið megið gjarnan hafa mig í huga, ég vinn með Dungal og fleirum, hef talað til ykkar áður, Hallgrímur Magnússon læknir.

*Já já velkominn.*

Verið þið sæl, verð að koma síðar, þetta var ánægjulegt að segja frá nokkrum atriðum sem ég hef hér numið.

Verið þið sæl og þakka ég fyrir mig, og vona að við getum sent ykkur góð áhrif.

*Þakka þér fyrir komuna. Blessaður.*

*Ég er einmitt með uppskrift á blaði af síðasta fundi þínum.*

Já gott að vita það.

*Ég þykist vita að Kári Stefánsson sé í sambandi við ykkur.*

Jaá, það má nú kannski segja að það kemst til skila, já já, Jæja vertu sæll, veri þið sæl.

*Þakka þér fyrir, sæll.*